



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn um starf félagsmiðstöðva sem stuðlar að tengingu milli kynslóða*

Þann 16. desember 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um starf félagsmiðstöðva sem stuðlar að tengingu milli kynslóða:

Í Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022 er ein setning sem segir „starf á félagsmiðstöðvum stuðli að tengingu milli kynslóða.“ Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um hversu margar félagsmiðstöðvar eru með starf sem stuðlar að tengingu milli kynslóða, hvernig er því starfi háttað og í hverju felst það? Hvað margar félagsmiðstöðvar hafa skipulega samveru eldri borgara og barna, eldri borgara og hunda/gæludýra?

Svar:

Allar félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar halda uppi starfi sem stuðlar að tengingu milli kynslóða með reglubundnum hætti. Í þessu sambandi verður hafa í huga að síðustu mánuði hefur kórónuveirufaraldurinn haft þau áhrif að slíkt starf hefur að mestu legið niðri vegna sóttvarnaráðstafana. Í eðlilegu árferði er haldið úti fjölbreyttu starfi í þá veru en útfærsla starfsins, verkefni og áherslur eru mismunandi á milli félagsmiðstöðva. Grunnþáttur í því starfi felst einna helst í samverustundum með börnum og eru félagsmiðstöðvar borgarinnar í samstarfi við leik- og grunnskóla í hverju hverfi um heimsóknir nemenda þar sem börnin og eldri borgarar njóta samveru, t.d. í formi samtals, söngs, lesturs eða handverks. Oft eru haldnir sérstakir viðburðir í tengslum við stórhátíðir, s.s. piparkökumálun og leiksyningar um jól, páskabingó ofl.

Að sama skapi halda félagsmiðstöðvarnar úti starfi með reglubundnum hætti sem miðar að tengingu milli kynslóða á enn breiðari grunni og nær starfið þá að einhverju leyti til allra skólastiga. Líkt og í starfinu með yngstu kynslóðinni eru áherslurnar mismunandi og verkefnin fjölbreytt, en þó má nefna nokkur dæmi. Sjö félagsmiðstöðvar hafa verið í samstarfi við tónlistarskóla borgarinnar þar sem nemendur, flytja tónlist fyrir eldri

borgara. Fimm félagsmiðstöðvar hafa boðið upp námskeið í samstarfi við grunnskólana þar sem nemendur á mið- og unglíngastigi kenna eldri borgurum á tæknibúnað, s.s. tölvur, farsíma og spjaldtölvur. Þá hafa fjórar félagsmiðstöðvar verið í samstarfi við háskólasamfélagið þar sem erlendir háskólanemar koma og spjalla við eldri borgara og þjálfa þannig íslenskukunnáttu sína.

Nýjasta félagsmiðstöð borgarinnar, Sléttan, var opnuð í lok febrúar 2020 eða á sama tíma og Covid-faraldurinn hófst á Íslandi og hefur því vegna sóttvarnareglna ekki enn reynst unnt að koma á reglubundnu samstarfi við leik- og grunnskóla til að stuðla að tengingu milli kynslóða. Þar er fyrirhugað er að setja á laggirnar áætlun um slíkt starf um leið og aðstæður leyfa.

Ellefu félagsmiðstöðvar hafa reglubundið starf með gæludýrum, ýmist með því að hafa reglubundnar hundaheimsóknir frá Rauða krossinum, starfsmenn komi með hunda sína í heimsóknir, eða með því að leyfa gæludýraheimsóknir í félagsstarfinu.